

Nr. 116 / 12 Halldór Sigurðsson ÍS 14***Strandar í Skötufirði***

Skipaskr.nr. 1403
Smíðaður: Ísafirði 1974 stál
Stærð: 40,9 brl. 35 bt.
Mesta lengd: 17,6 m Skráð lengd: 15,94 m
Breidd: 4,38 m Dýpt: 2,8 m
Vél: Caterpillar 272 kW 2001
Fjöldi skipverja: 3



Halldór Sigurðsson ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. apríl 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 22. október 2012 var Halldór Sigurðsson ÍS 14 á hrefnuveiðum í Skötufirði.

Verið var að sigla skipinu út fjörðinn á eftir hrefnu þegar því var siglt upp á Hvítanesklakk í minni fjarðarins. Skipið sat kjölrétt á strandstað og enginn leki fannst að því eftir lekaleit. Eftir frekari skoðun á strandstað ákvað skipstjóri að bíða eftir aðfalli áður en reynt væri að bakka af skerinu.

Fimm og hálfum tíma síðar hafði flætt nægjanlega svo skipinu var bakkað af skerinu og siglt til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að þegar báturinn standaði kl. 18:13 var siglt á 7,9 hnútum og var annar skipverji með skipstjóra í stýrishúsinu en hinn var frammi á stefni með byssuna til taks ef færi gæfist;
- að skipstjóri sagðist ekki hafa haft nein landlæg mið til viðmiðunar á þessu svæði en taldi sig vera kominn út fyrir skerin norður af Hvítanesi. Hann sagði að í gangi hafi verið dýptarmælir sem fylgst var með og einnig nýr kortagrunnur í tölvu með Túrbó 2000 siglingaforriti. Hann hafi ekki verið að fylgjast með kortaskrifaranum svo gjörla á meðan þessi aðgerð var í gangi;
- að fjara í Súðavík var kl. 20:30 og má ætla að fjara sé á svipuðum tíma í Skötufirði en nákvæmar upplýsingar liggja ekki fyrir um það. Strand skipsins var því nokkru eftir að hálfallið var út. Kl. 23:43 var nægjanlega fallið að svo skipinu var bakkað af skerinu og siglt til Súðavíkur;
- að skipstjóri sagðist vera vanur að sigla á hafsvæðinu.

Nefndarálit:

Orsök strandsins var aðgæsluleysi skipstjóra.